

Útreikningur á stærð sambyggðrar sand- og olíuskilju

Stuðst er við Leiðbeiningar nr. 2 Olíuskiljur frá Hollustuvernd ríkisins dags. nóv. 1995, kafli 3,
Lámarksstærð olíuskilju fyrir olíumengað regnvatn.
Qviðm = Qregn10min x f
Qregn10min í Hafnarfirði er 70 l/sek per ha
f er stærð þess svæðis sem rennur en það er eftirfarandi :

Malbik	320 m2
Steypt afgreiðsluplan	130 m2
Samtals	450 m2

Qviðm = 450x70x0,0001 = 3,2 l/sek (11,5 m3/klst) en það kallar á olíuskilju sem er með yfirborðsflatarmál a.m.k. 3,5 m2 og rúmtak a.m.k. 3,5 m3.

Hér er valið að nota sambyggða sand- og olíuskilju frá Borgarplasti með vörunúmerið 44311 en hún er 1,2 m í þvermál og 5,42 m á lengd (olíuskiljan með rúmtakið 4,2 m3 og yfirborðsflatarmálið 4,0 m2 en sandskiljan með rúmtakið 1,0 m3 og yfirborðsflatarmálið 1,0 m2).

ÁRITUN BYGGINGARFULLTRÚA

Kótar eru í metrum en önnur mál í millimetrum.

Teikning þessi sýnir þær nýju fráveitulagnir sem lagðar verða og eldri fráveitulagnir tengjast við.

Fráveitulagnir
Eldri fráveitulagnir eru sýndar á teikningum Sigurðar Þorleifssonar, tæknifræðings, frá árinu 1988 og 1989. Á þeim teikningum eru ekki gefnir upp kótar heldur er miðað við gólf afgreiðslubyggingarinnar.
Ekki verður séð hvernig núverandi fráveitulagnir tengjast bæjarkerfinu en samfara þeim framkvæmdum sem nú verður ráðist í verða eldri lagnir mældar inn eftir því sem þær koma í ljós og niðurstöður þeirra mælinga færðar inn á nýja útgáfu af þessari teikningu.
Eftir því sem næst verður komist liggur skólplögnin frá afgreiðslubyggingunni beint út í bæjarkerfið, regnvatnslögnin frá þakniðurföllunum einnig beint út í bæjarkerfið en afrennsli frá öðrum útisvæðum í 1000 mm bensínbrunn og frá honum út í bæjarkerfið.
Ekki er ætlunin að breyta skólplögninni né heldur regnvatnslögninni frá þakniðurföllunum en þessi 1000 mm bensínbrunnur verður nú aflagður og ný sambyggð sand- og olíuskilja sett upp eins og sýnt er á þessari teikningu.

Regnvatnslagnir frá afgreiðsluplani og lagnir frá niðurföllum undir afgreiðslutækjum skulu vera úr samsoðnum en lagnir frá skyggni skulu vera PVC lagnir úr hörðu Polyvinylklorið án mýki- og fylliefna) og skal þétta samskeyti með þar til gerðum viðurkenndum gúmmíhringjum.

Undir lögnunum skal vera burðarhæfur botn og skulu lagnirnar hvíla á 20 cm sandlagi er nái 20 cm upp fyrir lagnirnar.

Regnvatnsbrunna skal byggja upp úr forsteyptum brunneiningum og skal botn þeirra vera steyptur með formuðum rásum en að ofan skal ganga frá þeim með steypujárnskarmi er komi í rétta malbikshæð.

Niðurföll á lóð skulu vera staðlaðir niðurfallsbrunnar, 25 cm í þvermál, og ná minnst 30 cm niður fyrir það rör er frá þeim liggur (þ.e. með 30 cm sandfang).
Botn niðurfallsbrunnanna skal vera steyptur en að ofan skal ganga frá þeim með steypujárnskarmi og steypujárnsrist er komi í rétta malbikshæð.

Birgðatankar í jörðu, afgreiðsluplan og eldsneytislagnir
Birgðatankarnir í jörðu svo og eldsneytislagnirnar eru frá árinu 1988 og er ekki ætlunin að skipta núna um birgðatankana né heldur eldsneytislagnirnar en það verður þó að gera í síðasta lagi árið 2008.
Þegar það verður gert skal byggja sérstakt áfyllingarplan með afrennsli tengt í sand- og olíuskilju.

Aðalhönnuður Teikn ehf kt. 471293-2109
Hauksson Jónsson

Þegar búið verður að grafa niður á eldri lagnir verða þær mældar inn og réttir kótar settir inn á nýja teikningu

ELDRI SKÓLPLÖGN
ELDRI REGNVATNSLÖGN
NÝ REGNVATNSLÖGN TENGD SAND- OG OLÍUSKILJU

Til stendur að breyta eldsneytisafgreiðslunni yfir í sjálfsafgreiðslustöð og eru helstu breytingarnar því samfara eftirfarandi :

Niðurrif
Eldra steinlagt afgreiðsluplan og steypt afgreiðslueyja fjarlægt.
Eldri snjóbræðslulagnir undir eldra afgreiðsluplani aflagðar.
Eldri fráveitulagnir undir eldra afgreiðsluplani fjarlægðar.
Eldri 1000 mm bensínbrunnur við enda eldra afgreiðsluplans út við Óseyrarbraut fjarlægður.

Nýjar framkvæmdir
Steypt undirstaða undir skyggni.
Nýtt steypt afgreiðsluplan og ný steypt afgreiðslueyja.
Ný snjóbræðsla undir nýju afgreiðsluplani tengd eldri snjóbræðslu.
Ný sand- og olíuskilja ásamt sýnatökubrunni.
Nýjar fráveitulagnir undir nýja steypta afgreiðsluplaninu tengdar hinni nýju sand- og olíuskilju ásamt því að hluti eldri fráveitulagnir verða tengdar inn á þær nýju.
Skyggni sett upp og regnvatn frá því leitt framhjá hinni nýju sand- og olíuskilju.
Ídráttarrör lagt út fyrir nýja afgreiðsluplaniið til þess að auðveldla lagningu nýrra eldsneytislagna þegar þær verða endumýjaðar í síðasta lagi árið 2008.

Sjá teikningar frá Sigurði Þorleifssyni, tæknifræðingi, varðandi burðarvirki og lagnir fyrir breytingarnar yfir í sjálfsafgreiðslustöð.

27/11-2001
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

Samþykkt þann
29 NOV. 2001
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Guðmundur Halldórsson

NR	DAGS.	BREYTING	SAMÞ.
1	26.11.01	LÖGNUM BREYTT OG BÚIÐ TIL NÝJA STJÉKKUÐ	

FERILL
VERKFRÆÐISTOFAN FERILL EHF. F.R.V.
MÖRKIN 1 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI : 575-1600 FAX : 575-1641
NETFANG : ferill@ferill.is

ÓSEYRARBRAUT 2

YFIRLITSMYND OG ALMENNAR SKÝRINGAR
NÝJAR FRÁVEITULAGNIR

MKV	TEIKN	DAGS UTG	TEIKN NÚMER
1:100	ÞMG	30.10.01	892-1-01
ÁRITUN HÖNNUÐAR:	KT 180245-2279		SAMÞ-YKKT
HÖNNUÐUR BREYTINGAR:	DAGS BREYTINGAR 26.11.01		BREYTING NR 1